



Viðmiðunarreglur um veitingu launalausra leyfa til starfsmanna Sveitarfélagsins Ölfuss

1. Umsókn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum ásamt umsögn næsta yfirmannsskal send bæjarráði með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara og tekur bæjarráð í framhaldi ákvörðun um hvort launalaust leyfi skuli veitt
2. Leyfi skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða.
3. Launalaust leyfi skal aðeins veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmanni ber að tilgreina. Framlenging á barnsburðarleyfi, sérstakar fjölskylduástæður, framhaldsnám eða annað sem metið er sambærilegt réttlætir launalaust leyfi. Ef starfsmaður hyggst ráða sig í starf sem auðsjáanlega mun koma viðkomandi til góða í starfi og aðstæður á vinnustað hans þannig að leyfi nú verði við komið með viðunandi hætti.
4. Sami starfsmaður fær ekki endurtekið leyfi nema sérstakar fjölskylduástæður eða framhaldsnám réttlæti það og hagsmunir sveitarfélagsins mæli ekki gegn því. Endurtekið leyfi skal þó aldrei veita til að gegna öðru starfi, undanþegin eru þó störf í þágu stéttarfélags. Hafi samanlagt leyfi starfsmanns verið minna en þrjú mánuðir eða hafi liðið a.m.k. fimm ár frá launalaus leyfi getur starfsmaður þó sótt um leyfi á ný.
5. Að öllu jöfnu skal launalaust leyfi ekki veitt nema starfsmaður hafi að minnsta kosti fimm ára starfsaldur hjá Sveitarfélaginu Ölfusi.
6. Ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust leyfi skal ganga skriflega frá því við ráðningu hans að hún sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar. Afrit skal sent til launadeildar.
7. Almennt er ekki skylt að verða við ósk starfsmanns um launalaust leyfi.
Undantekningar:
 - Launalaust foreldraorlof skv. VII. kafla laga nr. 95/2000;
 - Starfsmenn kjörnir á þing 4. gr. I. nr. 88/1995;
 - Starfsmaður skal eiga rétt á launalaus leyfi, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar sbr. gr. 10.1.2. í flestum kjarasamningum.
8. Bæjarráð eða sá sem hún felur til þess umboð veitir starfsmönnum launalaus leyfi í samræmi við þessar reglur. Frávik frá þeim skal ætíð leggja fyrir bæjarráð.
9. Óski starfsmaður eftir launalaus leyfi í stuttan tíma án þess að það bitni á starfseminni eða leiði til kostnaðarhækkana er leitast við að verða við slíkri beiðni. Það sama á við ef knýjandi persónulegar ástæður eru fyrir beiðni um launalaust leyfi.



ÖLFUS

10. Starfsmaður sem telur synjun um launalaust leyfi ekki vera í samræmi við reglur þessar getur skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarstjórnar.
11. Ef kjarasamningur starfsmanns hefur að geyma ákvæði um betri rétt til launalausra leyfa þá ganga þau ákvæði framur reglum þessum.